

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. febrúar 2023.

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um aukna tíðni Strætó.

Lagt er til að Reykjavíkurborg tryggi aukna tíðni hjá Strætó á þeim leiðum sem ganga innan borgarinnar. Leiðirnar gangi þannig á 10 mínútna fresti á virkum dögum.

Greinargerð:

Mikilvægt er að fleiri taki Strætó í Reykjavík. Mengun hefur sífellt farið langt yfir heilsuverndarmörk vegna bílaumferðar og borgin ætti að gera allt sem mögulegt er til að koma í veg fyrir hana. Það er ekki nóg að hvetja fólk í orði til þess að nota almenningssamgöngur, heldur verður líka að sýna í verki að Strætó er áreiðanlegur valkostur. Það er margt sem kemur í veg fyrir að fólk taki strætisvagna en ein af ástæðunum er hversu fátíðar ferðirnar eru. Ef vagnarnir gengu oftar er líklegt að fleiri notuðu Strætó. Að geta gengið út í skýli og verið viss um að það sé stutt í næsta vagn myndi auka notkunina. Því er lagt til að Reykjavíkurborg fjármagni þær leiðir sem gangi innan borgarinnar þannig að þær geti verið á 10 mínútna fresti.